



Sterkur vinnumarkaður á undanhaldi – atvinnuleysi eykst

Starfandi fólki fjölgar ekki lengur

Nýjustu niðurstöður vinnumarkaðskönnunar Hagstofunnar eru frá því í febrúar, þ.e. áður en nýjustu áföll dundu yfir vinnumarkaðinn. Samkvæmt niðurstöðum Hagstofunnar er áætlað að 200.700 manns hafi verið á vinnumarkaði í febrúar 2019, sem jafngildir 79% atvinnuþátttöku. Af þeim voru 194.000 starfandi og 6.700 atvinnulausir. Atvinnuleysi var því 3,3% af mannafla, sem var mun meira en mánuðina þar á undan.

Starfandi fólk var tæplega tvö þúsund fleira nú í febrúar en í febrúar 2018 og hafði fækkað um rúm sjö þúsund frá janúar 2019. Vinnuaflið dróst saman um tæplega sjö þúsund á milli janúar og febrúar.

Atvinnuþátttaka minnkar áfram

Atvinnuþátttaka í febrúar var 79% en var 79,3% í janúar 2018, þannig að atvinnuþátttaka minnkaði um 0,3 prósentustig milli ára.


Sé litið á 12 mánaða meðaltal dróst atvinnuþátttaka saman um eitt prósentustig frá febrúar 2018 til sama tíma 2019. Á þennan mælikvarða er atvinnuþátttaka nú svipuð og var í upphafi ársins 2015. Þá tók hún að aukast mikið en dróst síðan saman aftur á síðasta ári.

Vinnutími stöðugur


Vikulegar vinnustundir voru að jafnaði 37,2 stundir í janúar og hafði fækkað um 1,3 stundir á einu ári frá febrúar 2018. Sé miðað við 12 mánaða meðaltal var vinnutíminn í janúar 0,1 stund styttri en var í febrúar 2018 og hefur hann verið mjög stöðugur á þann mælikvarða allt síðasta ár.

Enn aukning á vinnuafslnotkun


Séu breytingar á fjölda starfandi og vikulegum vinnutíma teknar saman jókst vinnuafslnotkun nær samfelt á árinu 2018. Aukningin milli ára var mikil frá ágúst til nóvember, nokkuð minni í desember, en jókst svo aftur í janúar 2019. Vinnuafslnotkun



Heimild: Hagstofa Íslands, Hagfræðideild



Heimild: Hagstofa Íslands, Hagfræðideild



Heimild: Hagstofa Íslands, Hagfræðideild



minnkaði hins vegar verulega í febrúar miðað við febrúar árið áður, eða um 2,4%. Skýringuna á því er aðallega að finna í styttingu vinnutíma um 3,4% milli ára. Febrúar er þriðji mánuðurinn í röð sem vinnutími styttist milli ára. Aukning vinnuafslnotkunar, eða fjölda unninna vinnustunda, er jafnan talin merki um gott gengi í hagkerfinu og virðist þessi stærð þegar hafa stefnt niður á við í febrúar. Sé litið á breytinguna milli febrúarmánaða 2018 og 2019 minnkaði vinnuafslnotkun um 3,5%. Fjöldi starfandi jókst um 0,9% milli ára, en vinnustundum fækkaði um 3,4%.


Skráð atvinnuleysi þokast upp á við

Hér á landi eru til tvær mælingar á atvinnuleysi, hjá Hagstofu Íslands og hjá Vinnumálastofnun. Þessar mælingar eru ólíkar og gefa því mismunandi niðurstöðu. Niðurstöður Hagstofunnar byggja á mánaðarlegri úrtakskönnun þar sem fólk er spurt um stöðu sína. Tölur Vinnumálastofnunar sýna hversu margir eru skráðir atvinnulausir og njóta atvinnuleysisbóta. Tölur Hagstofunnar eru oftast hærri hvað fjölda varðar og í þeim eru líka mun meiri sveiflur milli mánaða.


Á árinu 2017 var meðalatvinnuleysi í hverjum mánuði samkvæmt tölum Hagstofunnar 5.567 manns en 4.171 samkvæmt tölum Vinnumálastofnunar. Samsvarandi tölur fyrir 2018 voru 5.600 hjá Hagstofunni og 4.643 hjá Vinnumálastofnun. Á árinu 2017 voru tölur Hagstofunnar 33% hærri en hjá Vinnumálastofnun en um 20% hærri 2018. Ætla má að munurinn á þessum tveimur aðferðum minnki eftir því sem skráða atvinnuleysið eykst.

Sé litið á 12 mánaða hlaupandi meðaltal hefur atvinnuleysi samkvæmt mælingum Hagstofunnar verið nokkuð stöðugt í næstum tvö ár. Tölur Vinnumálastofnunar um skráð atvinnuleysi hafa hins vegar hækkað nokkuð á síðustu mánuðum. Skráð atvinnuleysi var þannig 3,1% nú í febrúar samanborið við 2,1% í febrúar 2018. Í febrúar voru 6.157 manns á atvinnuleysissskrá sem þýddi 3,1% atvinnuleysi. Búist er við fjölda uppsagna í tengslum við gjaldþrot WOW air, og samkvæmt Vinnumálastofnun er talið að alls hafi um 1.600 manns fengið uppsagnarbréf í marsmánuði. Færu þeir allir á atvinnuleysissskrá myndi skráð atvinnuleysi strax fara upp í kringum 4%. Ekki er


Atvinna og vinnutími - 12 mánaða breytingar



Fjöldi atvinnulausra eftir mánuðum



Atvinnuleysi skv. mælingum Hagstofu og Vinnumálastofnunar





útséð hver þróunin verður á næstu vikum og mánuðum, en atvinnuleysi á eflaust eftir að taka stökk upp á við.

Aukin svartsýni stjórnenda fyrirtækja

Í nýlegri *Hagsjá* var fjallað um niðurstöður síðustu könnunar Gallup meðal stjórnenda 400 stærstu fyrirtækja landsins sem gáfu til kynna mun lakara mat á aðstæðum í atvinnulífinu en könnunin hefur sýnt allt frá árinu 2014. Ætla má að þær væntingar hafi farið frekar niður á við á síðustu vikum.

Nýir kjarasamningar minnka óvissu

Það er nokkuð ljóst að mikil óvissa um framgang kjarasamninga hefur haft áhrif á væntingar og stöðu mála á vinnumarkaði. Við óvissuna hafa síðan bæst ýmis neikvæð tíðindi eins og loðnubrestur, erfiðleikar á byggingamarkaði og gjaldþrot WOW air. Verði nýgerðir kjarasamningar samþykktir hverfur sú óvissa, en þá á eftir að sjá hver áhrif samninganna verða á stöðu fyrirtækjanna og atvinnustig.

Innihald og form skjals þessa er unnið af starfsmönnum Hagfræðideildar Landsbankans hf. (hagfraedideild@landsbankinn.is) og byggist á aðgengilegum opinberum upplýsingum á þeim tíma sem greiningin var unnin. Mat á þeim upplýsingum endurspeglar skoðanir starfsmanna Hagfræðideildar Landsbankans á þeim degi þegar greiningin er dagsett, en þær geta breyst án fyrirvara.

Landsbankinn hf. og starfsfólk hans taka ekki ábyrgð á viðskiptum sem byggð eru á þeim upplýsingum og skoðunum sem hér eru settar fram, enda eru þær ekki veittar sem persónuleg ráðgjöf fyrir einstök viðskipti.

Bent skal á að Landsbankinn hf. getur á hverjum tíma haft beinna eða óbeinna hagsmuna að gæta, ýmist sjálfur, dótturfélög hans eða fyrir hönd viðskiptamanna, s.s. sem fjárfestir, lánardrottinn eða þjónustuaðili. Greiningar eru engu að síður unnar sjálfstætt af Hagfræðideild Landsbankans og innan Landsbankans eru í gildi reglur um aðskilnað starfssviða sem eru aðgengilegar á vef bankans.